

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 10. júlí 2024:

Narfabakki, skv. 1 mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gert er ráð fyrir 7 íbúðarhúsum, skrifstofuhúsum og gróðurhúsum tengdri starfsemi sem nú þegar er á landinu auk þess að nýta landið fyrir ferðaþjónustu og sem beutiland. Stefnt er að uppbyggingu lítilla vindhverfla á svæðinu til raforkuframleiðslu og uppbyggingu atvinnuhúsnæðis til hreinlegrar athafna- og iðnaðarstarfsemi s.s. þróunar og framleiðslu í tæknigeiranum.

Ölver og Móhóll, skv. 1 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin á við lóðir Ölvers nr. 39, 40, 48 og ræktunarsvæði. Þar eru 5 litlar breytingar gerðar á lóðum og nýrri lóð bætt við.

Narfastaðir, skv. 1 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin nær til lóðanna Háholts 10 og 11. Byggingarreitur á lóðinni Háholt 10 er stækkaður og á lóðinni Háholt 11 er hann færður um 2 m.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 15. ágúst 2024.

Jökull Helgason skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 16. ágúst 2024